

# SKRÁNING HAFIN Á LEIKLISTARNÁMSKEIÐ LEYNILEIKHÚSSINS Í RIMASKÓLA!!



**Leynileikhúsið** endurtekur nú leikinn enn eina önnina og býður upp á frábær leiklistarnámskeið fyrir skapandi krakka í Rimaskóla. Síðasta önn gekk vonum framár og ætlaði þakið að rifna af húsinu þegar lokasýningar fóru fram í Gaflaraleikhúsinu.

Í Leynileikhúsinu er unnið sérstaklega með **sköpunarkraft, spuna og leikgleði**. Farið er í grunnatriði leiklistar með hjálp leikja og æfinga og lögð áhersla á mikilvæg atriði eins og einbeitingu, að gefa skýr skilaboð, hlustun, samvinnu og leiklistarsköpun. Nemendur búa sjálfir til leikrit sem sett er upp í leikhúsi í lok annar.

Eftir hverja önn hafa aðstandendur ótal barna haft samband við okkur og sagt frá auknu sjálfstrausti barna sinna eftir leiklistarnámskeið Leynileikhússins. Leiklist eykur samskiptahæfni og sköpunarkraft barna og í Leynileikhúsinu er leikgleðin ávallt höfð að leiðarljósi.

**Skráning fyrir vorönn 2015 er hafin og fer fram í gegnum skráningarkerfi á heimasíðu okkar [www.leynileikhusid.is](http://www.leynileikhusid.is).** Námskeiðin í Rimaskóla eru fyrir 2.-8.bekk. Leynileikhúsið tekur á móti frístundakortinu í Reykjavík.

**Athugið að takmarkað pláss er á hvert námskeið og gildir reglan fyrstir koma fyrstir fá!!**

## Námskeiðstímar í Rimaskólaskóla eru sem hér segir:

Mánudagar, **hefst 2.febrúar**

Kl. 16.00-17.00/ 2.-3.bekkur

Kl. 17.00-18.00/ 4-5.bekkur

Kl. 18:00-19:00/ 6.-8.bekkur

**Kennt í tómsundaráminu**

Námskeiðsgjald fyrir önn er 29.000 kr. fyrir almenn námskeið og er allur kostnaður innifalinn í því verði. Á heimasíðunni er hægt að nálgast nánari upplýsingar um námskeiðin, verð og fleira. Við tökum við fyrirspurnum í gegnum netfangið [info@leynileikhusid.is](mailto:info@leynileikhusid.is) og í síma 864-9373.

**Hlökkum til að sjá ykkur í vetur!!**

## **Nánari upplýsingar um námskeiðin:**

Kennt er einu sinni í viku í 1 klst í senn. Fyrstu 10 tímarnir eru kenndir í húsnæði skólans, en 11. og 12.tími fara fram í leikhúsi þar sem önnin endar með frumsaminni leikasýningu. Ungu leikararnir fá búning og leikhúsmálningu og aðstandendur geta komið og séð krakkana blómstra á alvöru leiksviði.

Öll leiklistarnámskeið Leynileikhússins byggjast fyrst og fremst upp á mottóinu "LEIKGLEÐI".

Þegar líða tekur á námskeiðið eru grunnatriðin sem lögð hafa verið inn í fyrri hluta námskeiðs, færð yfir í spunavinnu sem á endanum skilar sér í lokasýningu sem nemendur sýna fyrir aðstandendur.

Lokasýningin er því byggð alfarið upp á spuna og sköpunarkrafti nemenda sem kennari aðstoðar við að púsla saman í leikverk þar sem allir fá að njóta sín á sinn hátt.

Allir kennarar Leynileikhússins eru með háskólamenntun í leiklist og hafa góða reynslu af leiklistarkennslu og vinnu með börnum.